



Alheimsmót skáta í Englandi 2007

Þann 27. júlí 2007 hélt 31 Landnemi til Englands á 21. Alheimsmót skáta. Af þeim voru 26 þátttakendur. Þar dvöldum við til 8. ágúst við leik og störf.

Margt var hægt að gera og var boðið upp á fjölmarga dagskrárliði alla daga. Landnemarnir voru í sveit með skátum úr skátafélagi Borgarnes og varð hópurinn fljótur að blandast töluvert saman. Fyrsta deginum var eytt í að koma upp tjaldbúðinni sem gekk vel fyrir utan smávægilega erfiðleika með að fá rétta útbúnaðinn

frá mótsstjórn. Næst á eftir fylgdu svo dagskrár dagar þar sem meðal annars var farið í vatnadagskrána Splash!, unnin samfélagsþjónusta í Starburst, ýmis konar menning skoðuð í Aquaville og Terraville og vísindi skoðuð í Elements.

Eitt það merkilegasta við þetta mót var að þó svo að svona margir skátar frá svo mörgum mismunandi löndum byggju saman á þessu svæði komu upp engin vandræði sem tengdust stríði á milli landa eða erjum. Þarna bjuggu allir saman í sátt og samlyndi alla þessa daga. Nágrannar okkar voru t.d.

frá Japan, Spáni, Indlandi og Austurríki. Eftir mótið fór öll sveitin í heimagistingu hjá venjulegum breskum fjölskyldum. Okkar sveit var dreift í Devon héraði og vorum við í mið- og suðurhlutanum. Fyrir flesta var þetta mjög gefandi og skemmtileg lífsreynsla og það er í raun alls ekki svo mikill munur á fjölskyldum í Englandi og á Íslandi. Þessi ferð var í alla staði einstök og skemmtilega lífsreynsla. Við vonumst til að sem flestir mæti á 22. Alheimsmót skáta í Svíþjóð

**Välkomna till
Svergie!
Fríða Björk**



Skátastarf

Í ágúst árið 1907 hélt maður að nafni Robert Baden-Powell af stað ásamt 20 ungum drengjum í útilegu úti Brownsea eyju. Þessi útilega markaði upphaf skátahreyfingarinnar í heiminum. Núna, 100 árum seinna, er skátahreyfingin orðin stærsta alþjóðahreyfingin fyrir ungt fólk í heiminum með yfir 38 milljón þátttakendur í 216 löndum.

Sumarið 1911 stofnaði Ingvar Ólafsson fyrsta skátaflokkinn á Íslandi. Um haustið 1911 fór til hann

Danmerkur, en nokkrir af skátunum í flokknum hans héldu áfram að hittast og stofnuðu ásamt fleiri drengjum Skátafélag Reykjavíkur 2. nóvember 1912. Tveimur árum seinna voru þrjár sveitir í Skátafélagi Reykjavíkur, alls 57 skátar og sveitarforingjar.

Hinn 6. júlí 1924 héldu fulltrúar skátafélaganna Væringja og Arna í Reykjavík og skátafélagins Birkibeina á Eyrarbakka undirbúningsfund að stofnun Bandalags íslenskra skáta. Var ákveðið að sækja um

ingöngu í alþjóða-bandalag skáta (The Boy Scouts World Wide Brotherhood Association). Var íslenskum skátum veitt innganga 29. ágúst 1924, en fyrsti stjórnarfundur Bandalags íslenskra skáta var haldinn 6. júní 1925 og þar fyrsta stjórn þess kjörin.

Kvenskátasamband Íslands var stofnað 23. mars árið 1939 voru félagar þess þá 459 undir forystu Jakobínu Magnúsdóttur. Árið 1944 sameinuðust síðan þessi tvö landssambönd skáta í núverandi Bandalag íslenskra skáta.

- **VERÐLAUN Í FÉLAGSÚTILEGU:**
- **SLÉTTUÚLFAR UNNU VERÐLAUN FYRIR HEGÐUN.**
- **VÍKINGAR UNNU VERÐLAUN FYRIR DAGSKRÁ.**

Atburðir

- 9-11. Sveitarútilega Melrakka.
- 16-18. sveitarútilega Mjölris og Víkinga.
- Þórshamar ætlar í dagsferð auglýst síðar.



Félagsblað Landnema

Nóvember

M Á N U D A G U R	Þ R I Þ J U D A G U R	M I D V I K U D A G U R	F I M M T U D A G U R	F Ö S T U D A G U R	L A U G A R - D A G U R	S U N N U D A G U R
			1	2	3	4
5	6	7	8	9 Sveitarútilega Melrakka	10 Melrakkar	11 Melrakkar
12	13	14	15	16 Sveitarútilega Mjölris	17 Mjölris	18 Mjölris
19	20	21	22	23 Sveitarútilega Víkinga	24 Víkingar	25 Víkingar
26	27	28	29	30		

Frá félagsforingja

Viðburðaríku sumri er lokið og haustið tekið við með sínu sérstaka veðri. Við skátar látum það lítið á okkur fá en sinnum okkar skátastörfum skv. venju og gömlum hefðum, sem þó eru stöðugt að breytast.

Á þessu ári minnumst við þess að 100 ár eru liðin síðan skátastarf hófst í heiminum. Við höfum gert það á Landnemamóti í Viðey, á afmælistóti að Úlfjótavatni og síðast en ekki síst með þátttöku í alheimsmóti skáta, World Jamboree 2007, sem haldið var í Englandi í sumar. Þangað fór mjög stór hópur íslenskra skáta og

voru Landnemar ekki eftirbátar annarra skátafélaga hvað þátttakendur varðaði. Mér gafst kostur á að heim-sækja mótið og Landnema-ana og að njóta með þeim einstaklega ánægjulegra samverustunda í góðum félagsskap brosandí skáta víðs vegar að úr heiminum.

Í haust tókum við upp nýja dagskrá og aldursskiptingu í skátastarfinu. Skátáferlinum hefur verið skipt upp í nokkur þriggja ára starfstímabil þar sem hvert aldurskeið hefur sínar eigin áherslur og skemmtileg verkefni. Yngstir eru Dreka-skátar (7-9 ára), næstir

koma Fálkaskátar (10-12 ára), þá Dróttaskátar (13-15 ára), svo Rekkaskátar (16-18 ára) og loks Roverskátar (19-21 árs). Þetta fyrirkomulag var reynt hjá þremur skátafélögum á Íslandi s.l. vetur og gafst vel.

Framundan í félagsstarfinu eru spennandi tímar, jólafundur, afmæli og svo félagsútilega. Þá er fjallganga félagsins, sem er létt ganga og góð útivera fyrir alla fjölskylduna, framundan og ekki má gleyma Landnemamóti og Landsmóti næsta sumar.

Skátakveðja,
Arnlaugur

1. Tölublað, 1. árgangur

Desember

MÁNU- DAGUR	ÞRIÐJU- DAGUR	MIDVIKU- DAGUR	FIMMTU- DAGUR	FÖSTU- DAGUR	LAUGAR- DAGUR	SUNNU- DAGUR
					1 Dagsferð hjá Drekaskátum	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16 Jólafundur.
17	18	19	20	21	22	23
24/31	25	26	27	28	29	30

Atburðir.

- 1.- Dagsferð hjá Drekaskátum
- 16.- Jólafundur klukkan 14:00
- Starfið byrjar aftur 9. janúar á nýju ári með afmæli Landnema.

Útbúnaðarlist fyrir sveitarútilegur

Fatnaður

Ullarnærföt
Ullarsokkar (**ekki** bómull)
Nærföt
Buxur (**ekki** gallabuxur)
Skátapeysa og klútur
Flíspeysa eða ullarpeysa
Húfa
Vettlingar
Trefill / Buff
Regnheldur jakki og buxur
Gönguskór og/eða stígvél
Náttföt

Hreinlæti

Tannbursti
Tannkrem

Þvottastykki*

Hárbursti*
Handklæði
O.fl

Annað


Bakpoki
Dagpoki*
Svefnpoki
Einangrunardýna
Koddi*
Vasaljós
Áttaviti
Lestrarefni
Spil
[Lyf sem viðkomandi þarf - ath. láta foringja vita]



Mummi í eldhúsinu

Félagsblað Landnema

Útgefandi:
Skátafélagið Landnema
Ritstjóri:
Fríða Björk Gunnarsdóttir
Ábyrgðamaður:
Arnlaugur Guðmundsson



Heill - gæfa - gengi, Landnemar lifi lengi!



Mótsmerki
Landnema-
móts í ár.

Merki
starfstímabilanna:



Félagsgjald

Árgjald í skátafélagið Landnemar er 13.500 kr. fyrir hvern skáta. Veittur er 10% systkinaafsláttur af þessu verði og gerir það því 12.150 kr. Við viljum benda forráðamönnum á að inná rafrænni Reykjavík er hægt að sækja um styrk frá ÍTR sem nota má hjá Landnemun. Nánari upplýsingar um það fást á skrifstofu Landnema á fundatíma og á <http://rafraen.reykjavik.is/>

Skoðið www.landnemi.is

<http://skatinn.net/landnemi>

Fundartímar

Drekaskátar 7 til 9 ára

16:00 Þriðjudagar Úfinkambur Hólmgarði 34

17:30 Þriðjudagar Svarthali Hólmgarði 34

17:30 Þriðjudagar Fáfniir Háuhlíð 9

17:30 Miðvikudagar Fræniir Háuhlíð 9

Fálkaskátar 10 til 12 ára

18:00 Mánudagar Sléttuúlfar Hólmgarði 34

18:00 Fimmtudagar Þórshamar Háuhlíð 9

Dróttaskátar 13 til 15 ára

18:00 Þriðjudagar Víkingar Háuhlíð 9

19:00 Þriðjudagar Bellatrix Hólmgarði 34

19:00 Miðvikudagar Mjölner Háuhlíð 9

Rekkaskátar 16 til 18 ára

20:00 Fimmtudagar RS. Plútó Háuhlíð 9